

Mánudaginn 25. okt. 1926.

Nr. 34/1926. **Hreppsnefnd Rauðasandshrepps**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**Erlendi Kristjánssyni og Krist-  
jáni Erlendssyni** (Enginn).

Ómerking; ólögleg málasmsteypa

Úrskurður fúgetarjettar Barðastrandarsýslu  
13. mars 1925: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara, og  
hinir lögteknun munir leystir úr löghaldi.

### **Dómur hæstarjettar.**

Hinir stefndu hafa hvorki mætt nje latið mæta  
í máli þessu, og hefir það því verið flutt skriflega  
eftir 1. tölulið 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er því  
dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum  
eftir N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Haustið 1923 lagði áfrýjandi, hreppsnefnd Rauða-  
sandshrepps, á hina stefndu hreppsgjöld fyrir far-  
dagaárið 1923—1924, 289 krónur á stefnda Erlend  
Kristjánsson og 15 krónur á stefnda Kristján Er-  
lendsson Skyldi greiða gjöld þessi í peningum fyrir  
31. desember 1923 til hreppsnefndaroddvita. Hinir  
stefndu gerðu þetta þó ekki, heldur ljetu skrifa upp-  
hæðirnar hreppnum til tekna inn í reikning hans  
við Pöntunarfjelag Rauðasandshrepps. Pöntunarfje-  
lagið, sem varð gjaldproti á næsta ári, virðist ekki  
hafa greitt hreppnum upphæðir þessar. Hreppsnefnd-  
aroddviti krafðist því lögtaks á þeim 6. nóv. 1924.  
Lagði fúgeti 14. s. m. fyrir hreppstjóra að gera lög-  
tak hjá hinum stefndu. Gerði hreppstjóri svo lögtak  
hjá hinum stefndu þrátt fyrir mótmæli þeirra, sem  
þeir byggðu á því, að þeir hefðu greitt gjöldin með

þeim hætti sem fyr segir. Með 2 brjefum 7. jan. 1925 krafðist hvor þeirra um sig, að fógetinn feldi lögtakið á útsvari sínu úr gildi, og 17. s. m. var fógetarjettur haldinn í skrifstofu sýslumanns og þar farið með málið í einu lagi sem eitt mál væri og í sama úrskurði dæmt um lögtökin bæði á þann veg að þau skyldi falla úr gildi.

Þessum úrskurði hefir breppsnefndin skotið til hæstarjettar, að fengnu uppreistarleyfi 12. mars þ. á. með stefnu 7. apríl síðastl. Hefir áfrýjandi fengið gjafsókn og talsmann skipaðan í málinu. Hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, og loks að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Það er ólögmat meðferð af hálfu fógetans, að halda eina rjettargjörð og úrskurða í einu lagi báðar lögtakskröfurnar og lögtaksgjörðirnar sjá kgsbr. 3. jan. 1755 sbr. 16. gr. 2. málsg. í lögum nr. 27, 27. júní 1921 og verður sökum þessarar lögleysu ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð og alla undanfarandi meðferð málsins fyrir fógetarjettinum.

Eftir atvikum þykir rjett að málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, er ákveðast 80 kr., greiðist úr ríkissjóði, en að málskostnaður í hæstarjetti falli að öðru leyti niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og öll meðferð málsins í fógetarjettinum á ómerk að vera.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 80 kr, greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

---

Föstudaginn 29. október 1926.

Nr. 47/1926. **Sigurður Ágústsson og Hannes Jónsson** (Pjetur Magnússon)  
 gegn

**Gísla Gíslasyni, og gagnsök**  
 (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf skaðabótum o. fl.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Hinir stefndu Hannes Jónsson og Sigurður Ágústsson greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn stefnanda Gísla Gíslasyni 455 kr. 38 aura með 5% ársvöxtum frá 29. desember 1924 til borgunardags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðfær að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Máli þessu hefir verið áfrýjað af hálfu beggja aðila og eru aðalkröfur hvors þeirra um sig þær sömu sem fyrir undirrjetti.

Svo sem samningurinn eða söluumboðið frá 14. júní 1924 ber með sjer átti meginandvirði íbúðarhússins og mótorbátsins að ganga til lúkningar skuld gagnáfrýjanda við Sparisjód Stykkishólms, er aðaláfrýjendur ásamt fleirum voru sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir. Hafði sparisjóðurinn krafði aðal-